

Sparnaðarlíftrygging

Ársyfirlit 2016

Með sparnaðarlíftryggingu getur þú sameinað líftryggingu og reglubundinn sparnað. Sparnaðarlíftrygging er góð leið til að koma sparnaðinum fyrir í virkri eignastýringu.

Nú getur þú ávaxtað sparnaðinn þinn erlendis en samkvæmt breytingu á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 er nú heimilt að fjárfesta fyrir 100 milljónir á árinu 2017. Viðskiptavinir geta því valið að fjárfesta í Henderson sjóðunum. Nánari upplýsingar um lög og reglur um gjaldeyrismál má sjá á vef Seðlabanka Íslands.

Ávöxtun í erlendum sjóðum er í höndum Henderson Global Investor, en VÍB, eignastýringarþjónusta Íslandsbanka, sér um ávöxtun innlendra sjóða. Hér gefur að líta yfirlit yfir ávöxtun í sjóðum árið 2016 og helstu þætti sem hafa áhrif á hana.

Nú er alltaf hægt að nálgast upplýsingar um stöðu sparnaðar á Mínun síðum á www.sjova.is.

Vísitala neysluverðs (verðbólga)

Vísitala neysluverðs hækkaði um 2,1% á árinu 2016. Það er þriðja árið í röð þar sem verðbólga er undir 2,5% verðbólguþolmið Seðlabanka Íslands. Styrking íslensku krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum hafði áhrif til lækkunar á vísitölu neysluverðs. Spár greiningaraðila gera ráð fyrir að verðbólga verði 1,5%-2,0% í árslok 2017.

Stýrivextir

Stýrivextir Seðlabanka Íslands eru 5,0% og lækkuðu tvisvar á árinu 2016, um samtals 0,75%. Seðlabankinn lækkaði stýrivexti í ágúst um 0,50% og síðan aftur í desember sl. um 0,25%. Bankinn hefur verið gagnrýndur fyrir að halda stýrivöxtum háum í lágri verðbólgu og einnig í samanburði við vaxtastig í okkar helstu viðskiptalöndum.

Erlendir sjóðir

Sjóðir í ávöxtun hjá Henderson Global Investors

Evrópusjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-11,89%	-13,53%
24 mánuðir	-1,92%	-3,80%
48 mánuðir	5,73%	3,44%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Evrópsk hlutabréf	55%	95%
Evrópsk smáfyrirtæki	5%	45%

Markmið: Fjárfesta í stórum sem smáum evrópskum fyrirtækjum og ná fram stöðugri ávöxtun með áhættudreifingu.

Skuldabréfasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-11,81%	-13,46%
24 mánuðir	-10,64%	-12,36%
48 mánuðir	-5,28%	-7,33%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Alheimsskuldabréf	60%	100%
Evrópsk skuldabréf	0%	40%

Markmið: Fjárfesta í skuldabréfum um allan heim.

Alheimssjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-10,43%	-12,10%
24 mánuðir	-2,38%	-4,26%
48 mánuðir	5,55%	3,27%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Evrópsk hlutabréf	10%	50%
Amerísk hlutabréf	10%	50%
Japönsk hlutabréf	5%	35%
Hlutabr. í Kyrrahafslöndum	0%	20%

Markmið: Fjárfestingar eru í hlutabréfum stórra sem smárra fyrirtækja um allan heim á flestum stærstu mörkuðunum.

Þróunarsjóður



Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-11,68%	-13,33%
24 mánuðir	-2,50%	-4,38%
48 mánuðir	5,49%	3,21%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Evrópsk hlutabréf	10%	50%
Evrópsk smáfyrirtæki	10%	50%
Nýmarkaðir	5%	35%
Hlutabréf tæknifyrirtækja	0%	20%

Markmið: Fjárfestingar eru að hluta til í evrópskum hlutabréfum og á nýjum vaxandi hlutabréfamörkuðum.

Erlendir sjóðir

Gengisþróun



Erlend hlutabréf

Verulegar sveiflur voru á hlutabréfaverði á flestum erlendum hlutabréfamörkuðum á liðnu ári, sem var ár óvæntra atburða.

» Í upphafi árs var veruleg lækkun á hlutabréfaverði í Kína, m.a. vegna umræðu um offjárfestingu í kínversku efnahagslífi. Lækkunin í Kína hafði áhrif til lækkunar á hlutabréfaverði á helstu hlutabréfamörkuðum í heiminum.

» Þjóðaratkvæðagreiðslan í Bretlandi um útgöngu Breta úr Evrópusambandinu (Brexit) hafði neikvæð áhrif á hlutabréfamarkaðinn til skemmri tíma.

» Í kjölfar forsetakosninganna í Bandaríkjunum hækkðu allar helstu hlutabréfavísitölur þar í landi þar sem bjartsýni ríkir vegna loforða Trump um lægri skatta og aukinn hagvöxt.

Mikilvægt er að hafa í huga að gengisþróun íslensku krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum hefur áhrif á ávöxtun erlendra hlutabréfa í íslenskum krónum. Gengisvísitala íslensku krónunnar styrktist um 15,3% gagnvart okkar helstu viðskiptamyntum sem þýðir lægri

ávöxtun í íslenskum krónum. Krónan styrktist um 15,7% gagnvart evru, 27,7% gagnvart breska pundinu og 12,9% gagnvart Bandaríkjadollar, sem gerði það að verkum að ávöxtun erlendra hlutabréfa var neikvæð í íslenskum krónum.

Breytingar á erlendum hlutabréfavísitölum gefa góða mynd af þróun á hlutabréfaverði í heiminum. Á síðsta ári hækkaði heimsvísitala hlutabréfa MSCI um 7,5% í USD (-6,5% í ISK). Í Bandaríkjunum hækkaði S&P 500 vísitalan 9,5% í USD (-4,8% í ISK) og Nasdaq hlutabréfavísitalan hækkaði um 7,5% í USD (-6,5% ISK). Þýska hlutabréfavísitalan DAX hækkaði um 6,9% á árinu í EUR (-9,9% ISK) og breska hlutabréfavísitalan FTSE 100 hækkaði 14,4% í GBP (-24,3% í ISK), þrátt fyrir úrsögn Breta úr Evrópusambandinu. Hlutabréfamarkaðir á Spáni og Ítalíu skiluðu neikvæðri ávöxtun.

Innlend skuldabréf

Allir flokkar ríkisskuldabréfa, bæði verðtryggðir og óverðtryggðir, skiluðu jákvæðri raunávöxtun á árinu 2016. Þrátt fyrir lága verðbólgu var nafnávöxtun á verðtryggðum ríkisskuldabréfum á bilinu 3,6-7,8% og skilaði flokkurinn RIKS 30 hæstri ávöxtun. Af óverðtryggðum skuldabréfum skilaði RIKB 31 hæstu ávöxtun eða 13,8%.

Velta með ríkisskuldabréf og skuldabréf Íbúðalánasjóðs dróst verulega saman árið 2016, sem skýrist af minni kaupum erlendra fjárfesta og lífeyrissjóða en undanfarin ár. Seðlabankinn setti á reglur um bindingu reiðufjár vegna nýrrar erlendar fjárfestingar í skuldabréfum í júní 2016 og hættu erlendir fjárfestar í kjölfarið skuldabréfakaupum en höfðu verið

stórir aðilar á markaðnum árið 2015. Stærsti hluti af fjárfestingum lífeyrissjóða fór í ný sjóðfélagalán og fjárfestingar erlendis.

Ríkissjóður áformar að halda áfram að draga úr hreinu framboði af óverðtryggðum ríkisskuldabréfum árið 2017 með uppgreiðslum. Framboð á verðtryggðum skuldabréfum með ríkistryggingu mun halda áfram að dragast saman á árinu því ekki er gert ráð fyrir útgáfu á verðtryggðum skuldabréfum hjá Íbúðalánasjóði sem er stærsti útgefandi verðtryggðra skuldabréfa.

Innlendir sjóðir

Sjóðir í ávöxtun hjá VÍB,
eignastýringarþjónustu Íslandsbanka

Ríkissjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	5,68%	3,70%
24 mánuðir	6,63%	4,58%
48 mánuðir	4,43%	2,17%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlán/laust fé	0%	10%
Ríkisskuldabréf	0%	90%

Markmið: Ná stöðugri og öruggri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði af innlendum ríkisskuldabréfum.

Innláns- og ríkisskuldabréfasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	1,47%	-0,42%
24 mánuðir	3,54%	1,55%
48 mánuðir	3,08%	0,85%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlán	0%	40%
Skuldabr. m. ábyrgð ríkisins	60%	100%

Markmið: Að ná stöðugri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði.

Hlutabréfasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-2,96%	-4,77%
24 mánuðir	15,40%	13,18%
48 mánuðir	16,50%	13,98%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlend hlutabréf	90%	100%
Laust fé	0%	10%

Markmið: Langtímaaukning með gengishagnaði og arði af innlendum hlutabréfum.

Blandaður hlutabréfasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	5,15%	3,18%
24 mánuðir	3,72%	1,73%
48 mánuðir	10,87%	8,47%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Erlend hlutabréf Sjóvár	35%	35%
Innlend hlutabréf Sjóvár	65%	65%

Markmið: Aukning eigna til langs tíma með gengishækkun og arði af innlendum og erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing.
Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Innlendir sjóðir

Sjóðir í ávöxtun hjá VÍB,
eignastýringarþjónustu Íslandsbanka

Erlend hlutabréf og erlendu vaxtasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-10,56%	-12,23%
24 mánuðir	-5,74%	-7,55%
48 mánuðir	4,99%	2,72%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlán/laust fé	0%	10%
Erlend hlutabréf	90%	100%

Markmið: Markmið sjóðsins er langtímaaukning eigna með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Eignadreifing er mikil.

Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Innlend verðbréf og íslensk verðbréf

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	6,24%	4,26%
24 mánuðir	10,75%	8,62%
48 mánuðir	9,14%	6,78%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlend hlutabréf	0%	20%
Ríkisskuldabréf	40%	100%
Önnur innlend skuldabréf	0%	20%
Innlán/laust fé	0%	20%

Markmið: Ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing.
Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Íslensk skuldabréf


Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	7,79%	5,78%
24 mánuðir	8,19%	6,12%
48 mánuðir	6,36%	4,06%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlán/laust fé	0%	20%
Ríkisverðbréf	60%	100%
Önnur skuldabréf	0%	20%


Markmið: Markmið sjóðsins er að skila góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta einkum í innlendum skuldabréfum. Allur arður verður endurfjárfestur.
Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Innlendir sjóðir

Gengispróun



■ Erlendur vaxtasjóður ■ Blandaður hlutabréfasjóður ■ Íslensk verðbréf
■ Íslensk skuldabréf ■ Innlend verðbréf ■ Erlend hlutabréf



■ Hlutabréfasjóður ■ Innláns- og ríkisbréfasjóður ■ Ríkissjóður

Gengi íslensku krónunnar

Gengisvísitala íslensku krónunnar styrktist um 15,6% á árinu, en styrkingin var mismikil gagnvart einstökum myntum. Krónan styrktist um 12,9% gagnvart bandaríkjadollar, um 15,7% gagnvart evru og um 27,7% gagnvart bresku pundu. Fyrstu skrefin í afléttingu gjaldeyrishafta voru stigin á árinu 2016 og verða fleiri skref stigin í afléttingu þeirra á þessu ári með auknum heimildum til fjárfestinga erlendis.

Innlend hlutabréf

Innlendur hlutabréfamarkaður átti misjöfnu gengi að fagna á síðasta ári eftir góða ávöxtun árið 2015. Mikil aukning var í veltu á árinu en einnig voru miklar sveiflur á hlutabréfaverði. Úrvalsvísitala Nasdaq á Íslandi (OMX18) lækkaði um 6,9% á síðasta ári og vísitala aðallista (OMXIGI) lækkaði um 4,7%.

Mest hækkuðu bréf N1 á árinu eða um 90%, Eimskip hækkaði um 40% og fasteignafélagið Eik hækkaði um 38% að teknu tilliti til arðgreiðslna. Á aðallista Nasdaq á Íslandi eru skráð 17 íslensk félög og af þeim skiluðu 11 jákvæðri ávöxtun en 6 neikvæðri.

Lækkun á helstu hlutabréfavísitölum á árinu skýrist að stærstum hluta af verulegri lækkun á hlutabréfaverði stærstu félaganna í Kauphöll Íslands, Össur lækkaði um 17%, Marel um 3,3% og Icelandair um 33%.

Skeljungur er eina félagið sem skráð var á markað á árinu en væntingar eru um að fleiri félög verði skráð á markað á árinu.

Tölur í ársyfirliti þessu eru birtar með fyrirvara um innsláttarvillur.

Þú getur fengið nánari upplýsingar um sparnaðarlíftryggingar hjá okkur í síma **440 2000** og á **sjova.is**.